

Leikskólinn Sjáland

Starfsáætlun skólaárið 2015-2016



LEIKSKÓLINN
SJÁLAND

-náttúruleg gleði

Ábyrgðaraðili: Ída Jensdóttir
Ágúst 2015

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Gæðastefna skólans

Það er stefna okkar að vera leiðandi í faglegu og árangursríku skólastarfi og efla ímynd þess. Vera fyrirmynd annarra í uppeldis og menntamálum, og hafa áhrif á umræðuna í samfélaginu. Virkja fjölbreytileikann og byggja á jákvæðu viðhorfi og gleði. Efla umhverfishugsun, heilsusamlegt lífni og náttúrulega gleði.

Það er stefna okkar að þjónustan uppfylli væntingar barna, foreldra og sveitafélags, og að skila afburða gæðum í faglegu skólastarfi.

Það er stefna okkar að starfsemin uppfylli ávallt þær opinberu kröfur sem lög og reglugerðir segja til um og gilda um rekstur skóla hverju sinni.

Það er stefna okkar að beita aðferðum altækrar gæðastjórnunar þar sem allir starfmenn skólans taka virkan þátt í að framkvæma reglulega stöðumat og vinna stöðugt að umbótum

Gildi okkar

vísar í:

- Náttúruna og umhverfið
- Virðingu fyrir umhverfinu, börnunum og okkur sjálfum
- Náttúrulegan efnivið, nægjusemi og nýtni
- Sjálfsprottna gleði sem kemur innan frá
- Fjölbreytileikann því við erum ólík

-náttúruleg gleði

Helstu verkefni, nýbreytni og áherslur 2015-2016

- Unnið verður að umbótum út frá umbótaáætlun í kjölfari rýni **ytra mats**
- Unnið verður áfram með þróunarverkefni í **Læsi** og **Umhverfismennt**
- Ný þróunarverkefni með áherslu á **Velliðan** og **Sköpun**

Nánnar um áherslur í starfi

Umbótaáætlun

Í lok janúar 2015 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfi leikskólans Sjálands. Markmið matsins var gert á grundvelli 17.gr laga um leikskóla nr.90/2008. Í kjölfarið var gefin út skýrsla með niðurstöðum þess mats. Í skýrsluninni komu fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tækifæri til umbóta. Stjórnendur skólans hafa kynnt sér niðurstöður skýrslunar og unnið drög að umbótaáætlun sem lögð verður fram fyrir starfsmenn skólans sem, foreldraráð og sveitastjórn til umsagnar. Enn fremur verður áætlunin forgangsörðuð í kjölfari umræðu starfsmanna.

Þróunarverkefni

Læsi: Á vorönn 2015 var unnið að innleiðingu verkefnis sem nefnist Orðasnilli og felur m.a. í því að auka notkun og aðgengi barna að bókum og efla orðaforða og hlustunarskilning barna. Með þessu verkefni verður til heildstæð stefna innan skóla. Verkefnið skapar markvissar sögustundir og lestrarhvetjandi umhverfi. Áfram verður unnið með þetta verkefni á næsta skólaári.

- Innleiða lestrarstefnuna „Orðasnilli“.
- Þróun á því verkefni hófst haustið 2014 og þeirri vinnu verður haldið áfram þetta skólaárið
- Áfram verður unnið að því að efla bókasafn skólans sem og önnur námsgögn sem nýtast.

Umhverfi: Markmið þróunarverkefnisins er að búa til öflugt námsefni í umhverfismennt innan leikskóla

- Áfram verður unnið að umhverfismálum og markmiðum Grænfánans
- Ný umsókn um Grænfánann verður send á haustönn
- Vinna að námsefninu „M.aggi M.olta“

Velliðan: Innleiðing á verkefninu „Hugarfrelsi“ þar sem áherslan er á að efla og styrkja starfsfólk skólans sem leiðir af sér aukna þekkingu þeirra og tækifæri til að innleiða þessa nálgun í starfi með börnum


Sköpun: Markmiðið er að efla vægi sköpunar í skólastarfinu

- Sköpun fær aukinn sess í okkar skipulögðu starfi þar sem ráðinn verður inn starfsmaður á Listakjarna í 50% starf
- Kynna ný viðfangsefni og efla skapandi hugsu barna
- Kynna aðferðir fyrir kennurum til að nýta í starfi

Markmiðin okkar

Markmið hvers kjarna

- Markmið kjarna verða endurskoðuð á hauststarfsdegi.



Áherslur í foreldrastarfi 2015-2016

Nýta niðurstöður nýafstaðinnar foreldrakönnunar

- Greina og bæta þá þætti sem komu fram í könnuninni

Efla innsýn foreldra í starf skólans með öflugu kynningarstarfi.

- Viðhalda þeim hefðum og venjum sem hafa fest sig í sessi í starfi skólans.
- Viðhalda öflugu foreldrafélagi sem stuðlar að samverustundum foreldra og barna í samvinnu við skólann.
- Viðhalda öflugu foreldraráði sem vinnur að því að efla upplýsingaflæði á milli skólans og foreldra, fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra til foreldra.

Enn fremur munum við viðhalda þeim markmiðum að:

- Setja vikulega inn nýjar fréttir á heimasíðu skólans
- Efla upplýsingaflæði frá kjarna til foreldra með fréttum á heimasíðu kjarnans og upplýsingatöflu
- Nýta netfangalista foreldra og senda fræðslu og upplýsingar til þeirra
- Bjóða foreldrum og fjölskyldum barnanna í heimsóknir og þátttöku í viðburðum innan skólans

Nýta foreldraviðtölin sem eru tvö á skólaárinu til að fá upplýsingar frá foreldrum m.a. um þeirra viðhorf til skólans.

Ennfremur verður unnið að:

- Þróunarverkefni á Skólakjarna í notkun Facebook-síðu sem upplýsingamiðlun til foreldra
- Hlutverki foreldra í leikskólastarfinu í tengslum við gæðahandbók
- Námskeið verður haldið fyrir foreldra af atferlisþjálfara skólans um agastefnu skólans og hvernig foreldrar geta nýtt sér hana heima og þannig skapist samræmi milli leikskóla og heimilis

Stefna í starfsmannahaldi 2015 – 2016

Þetta skólaár ætlum við að vinna markvisst að vinna með starfsánægju og fagmennsku í skólanum með eftirfarandi þætti í huga:

Fá raunsæja sýn á starfsánægju starfsmanna, og leita leiða til að auka hana

„Að mennta innan frá“ – Aukin fagmennska kennara

Leiðir

- Greining á starfsánægju, í hverju fellst hún og hvernig er hægt að efla hana.
- Virkja starfsmenn að skapa sína eigin starfsánægju
- Ráðning kjarnastjóra á Listakjarna. Með því munum við efla sköpun, og gefa kennurum aukið svigrúm til undirbúnings og að ígrunda starfs sitt, og þannig efla sig sem fagmann.
- Áfram verður lögð áhersla á að allir kennarar ígrundi sína fagmennsku. Skólinn hvetur kennara til að sækja námskeið og nám tengdu starfi leikskólans.
- Þegar starfsmenn hefja nám samhliða vinnu við skólann þá skrifa þeir undir námssamning. Skólinn veitir starfsmönnum stuðning til náms sem er í formi launagreiðslna meðan á námi stendur skv. samningnum.